



Innanríkisráðuneytið

Fréttabréf um húsaleigubætur

Jöfnunarsjóður sveitarfélaga

1. tbl. 11. árg. 2013

Framkvæmd húsaleigubótakerfisins er verkefni sveitarfélaga og fjármagnað af þeim og Jöfnunarsjóði sveitarfélaga, sbr. lög um húsaleigubætur, nr. 148/1997, með síðari breytingum og reglugerð velferðarráðuneytisins um húsaleigubætur, nr. 118/2003 með síðari breytingum.

Samkomulag um húsaleigubætur

Með samkomulagi ríkis og sveitarfélaga um húsaleigubætur er tók gildi 1. apríl 2008 er kveðið á um hækkun grunnfjárhæða almennra húsaleigubóta og 60% kostnaðarþátttöku ríkisins í þeim viðbótarkostnaði sem sú hækkun hefur í för með sér. Á grundvelli samkomulagsins greiðir ríkissjóður jafnframt 60% hlutdeild í greiðslum sveitarfélaga á sérstökum húsaleigubótum.

Aðlögun að nýju húsnæðisbótakerfi

Þann 1. janúar sl. tók gildi reglugerð nr. 1205/2012 um breytingu á reglugerð velferðarráðuneytisins um húsaleigubætur, nr. 118/2003 með síðari breytingum. Með breytingunni á reglugerðinni, sem einkum nær til tekjuskerðingarmarkna, tekjuskerðingarhlutfalls og grunnfjárhæðar bótanna, eru stigin fyrstu skrefin í átt að nýju húsnæðisbótakerfi sem innleitt verður í áföngum.

Hvað grunnfjárhæð húsaleigubóta varðar þá hækkaði hún 1. janúar sl. úr 13.500 kr. í 15.200 kr. eða um 1.700 kr. á mánaðargrundvelli frá 1. janúar til 30. júní. Á því tímabili nemur hámarksgreiðsla almennra húsaleigubóta 47.700 kr. Þann 1. júlí nk. mun grunnfjárhæð bótanna síðan hækka úr 15.200 kr. í 17.500 kr. eða um 2.300 kr. á mánaðargrundvelli. Á tímabilinu 1. júlí - 31. desember mun hámarksgreiðsla almennra húsaleigubóta því nema 50.000 kr. Sá kostnaðarauki sem af framangreindri breytingu á reglugerðinni hlýst er alfarið borinn af ríkissjóði. Með tilvísun til þessa fær Jöfnunarsjóður sveitarfélaga sérstakt viðbótarframlag á fjárlögum ársins 2013 að fjárhæð 1.000 m.kr.

Engin breyting var gerð á greiðslum framlaga úr Jöfnunarsjóði vegna sérstakra húsaleigubóta en með framangreindri breytingu á reglugerð, nr. 118/2003 með síðari breytingum, mun hámarksgreiðsla almennra og sérstakra húsaleigubóta hækka sem hækkun grunnfjárhæðar almennu bótanna nemur. Með tilvísun til þessa mun hámarksgreiðsla almennra og sérstakra húsaleigubóta á árinu 2013 nema 71.700 kr. á tímabilinu janúar - júní en 74.000 kr. á tímabilinu júlí - desember.


Ný reglugerð Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga um framlög vegna húsaleigubóta

Í tengslum við framangreindar breytingar á reglugerð velferðarráðuneytisins um húsaleigubætur og aukið ráðstöfunarfjármagn Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga til greiðslu framlaga vegna almennra húsaleigubóta tók gildi 1. janúar sl. ný reglugerð, nr. 150/2013, um framlög Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga vegna húsaleigubóta.

Almennar húsaleigubætur


Mynd 1: Greiðslur sveitarfélaga á almennum húsaleigubótum og greiðslur Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga 2013

Áætlað greiðsluhlutfall Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga á árinu 2013 vegna greiðslu sveitarfélaga á almennum húsaleigubótum er 64%, í stað 54% á árinu 2012. Við hverja ársfjórðungslega greiðslu er haldið eftir 5% geymslufé til þess að mæta því ef heildargreiðslur sveitarfélaga fara fram úr áætlunum þeirra, sbr. 3. mgr. 3. gr. reglugerðar nr. 150/2013. Áætlað greiðsluhlutfall sjóðsins er tekið til endurskoðunar þegar fyrir liggja upplýsingar um raungreiðslur sveitarfélaga á árinu og endanlegt framlag sem Jöfnunarsjóður hefur til ráðstöfunar í verkefnið. Á I. ársfjórðungi 2013 greiddu sveitarfélögin samtals 976,7 m. kr. í almennar húsaleigubætur og var kostnaðarþátttaka Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga 64% eða samtals 602,8 m. kr. að frádregnu 5% geymslufé og að viðbættri leiðréttingu um 8,9 m. kr. vegna fyrri ára.




Mynd 2: Greiðslur sveitarfélaga á almennum húsaleigubótum eftir tegund húsnæðis

Á I. ársfjórðungi 2013 greiddu sveitarfélögin 545,2 m. kr. til einstaklinga í almennum íbúðum, 271,1 m. kr. til einstaklinga í félagslegum íbúðum, 137,9 m. kr. til einstaklinga í námsgörðum/heimavistum og 22,5 m. kr. til einstaklinga í sambýlum, eða samtals 976,7 m. kr. í samanburði við 931,2 m. kr. á IV. ársfj. 2012.




Mynd 3: Áætlanir sveitarfélaga um heildargreiðslur almennra húsaleigubóta árið 2013

Sveitarfélög skiluðu inn með rafrænum hætti í Smalann endurskoðuðum áætlunum sínum um heildargreiðslur almennra húsaleigubóta á árinu 2013 miðað við grunnfjárhæðir bóta, fyrir 20. febrúar 2013 á grundvelli bráðabirgðaákvæðis við reglugerð nr. 150/2013. Samtals áætla sveitarfélögin að greiða 4.384,9 m. kr. í almennar húsaleigubætur árið 2013. Að teknu tilliti til raungreiðslna sveitarfélaga á almennum húsaleigubótum á I. ársfj. eru greiðslur þeirra 38,3 m. kr. lægri en áætlað var.




Mynd 4: Fjöldi einstaklinga að meðaltali er nýtur almennra húsaleigubóta

Á I. ársfjórðungi 2013 nutu að meðaltali 13.844 einstaklingar almennra húsaleigubóta. Um talsverða fækkun bótaþega er að ræða frá IV. ársfj. þrátt fyrir þá breytingu á reglugerð velferðarráðuneytisins nr. 118/2003, sem fram fór 1. janúar s.l.



Mynd 5: Fjöldi einstaklinga að meðaltali er nýtur almennra húsaleigubóta eftir tegund leiguhúsnæðis


Af þeim 13.844 einstaklingum sem að meðaltali nutu almennra húsaleigubóta á I. ársfjórðungi 2013 voru að meðaltali 7.355 einstaklingar í almennum íbúðum, 3.717 einstaklingar í félagslegum íbúðum, 2.286 einstaklingar í námsgörðum/heimavistum og 487 einstaklingar í sambýlum.



Mynd 6: Meðaltal greiddrar húsaleigu á mánuði eftir tegund leiguhúsnæðis

Meðaltal húsaleigu tekur mið af greiðslum þeirra er njóta almennra húsaleigubóta. Ekki er tekið tillit til stærðar íbúða við útreikning á meðaltalinu.

Á I. ársfjórðungi 2013 greiddu einstaklingar í almennum íbúðum að meðaltali 100.282 kr. í húsaleigu og hafði leigan hækkað um 1,7% á milli IV. ársfj. 2012 og I. ársfj. 2013. Einstaklingar í félagslegum íbúðum greiddu að meðaltali 89.078 kr. þar sem leigan hafði hækkað um 2,2% á milli ársfj. Einstaklingar í námsgörðum/heimavistum greiddu að meðaltali 61.926 kr. þar sem leigan hafði hækkað um 2,6% á milli ársfj. Einstaklingar í sambýlum greiddu að meðaltali 35.876 kr. þar sem leigan hafði hækkað um 2,7% á milli ársfj.




Sérstakar húsaleigubætur

Með samkomulagi ríkis og sveitarfélaga um húsaleigubætur er tók gildi 1. apríl 2008 kemur ríkið að greiðslu sérstakra húsaleigubóta með 60% þátttöku. Samtals greiddu 23 sveitarfélög sérstakar húsaleigubætur á I. ársfjórðungi árið 2013.


Mynd 7: Greiðslur sveitarfélaga á sérstökum húsaleigubótum og greiðslur Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga 2013

Samtals greiddu sveitarfélögin 291,4 m. kr. í sérstakar húsaleigubætur á I. ársfjórðungi 2013. Kostnaðarþátttaka Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga í greiðslu sveitarfélaganna var 60% eða samtals 174,8 m. kr. Um óverulega lækkun greiðslna er að ræða frá IV. ársfj. 2012.




Mynd 8: Greiðslur sveitarfélaga á sérstökum húsaleigubótum eftir tegund leiguhúsnæðis

Á I. ársfjórðungi 2013 greiddu sveitarfélögin 130,8 m. kr. í sérstakar húsaleigubætur til einstaklinga í almennum íbúðum, 159,0 m. kr. til einstaklinga í félagslegum íbúðum, 1,4 m. kr. til einstaklinga í námsgörðum/heimavistum og 0,1 m. kr. til einstaklinga í sambýlum.



Mynd 9: Áætlanir sveitarfélaga um heildargreiðslur sérstakra húsaleigubóta árið 2013

Samtals áætla sveitarfélögin að greiða 1.218,7 m. kr. í sérstakar húsaleigubætur árið 2013. Hvað I. ársfj. varðar hafa áætlanir sveitarfélaga fyllilega gengið eftir.



Mynd 10: Fjöldi einstaklinga að meðaltali er nýtur sérstakra húsaleigubóta eftir tegund leiguhúsnaðis

Á I. ársfjórðungi 2013 voru að meðaltali 1.888 einstaklingar sem nutu sérstakra húsaleigubóta í almennum íbúðum, 2.136 einstaklingar í félagslegum íbúðum, 42 einstaklingar í námsgörðum/heimavistum og 6 einstaklingar í sambýlum.

